

50

29. apríl

10. gr.

Leggist U. M. F. „Vísir“ niður um lengri eða skemri tíma, starfar sjóðurinn ekkert meðan svo er, en *allir* vextir leggjast þá óskertir við höfuðstólinn, þar til fjelagið er reist við að nýju eða annað fjelag er stofnað, er starfi á sama grundvelli, vilji það fjelag taka við sjóðnum með sömu skyldum og rjettindum og U. M. F. „Vísir“ hafði á sínum tíma, samkvæmt skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskráin, þannig hljóðandi, er samþykkt með öllum atkvæðum á lögætum fundi í U. M. F. „Vísir“ 2. jan. 1926.

Kristján Steinsson, p. t. form. *Kristján Össurarson*, p. t. ritari U.M.F. „Vísir“.

Páll Pálsson, p. t. gjaldkeri U.M.F. „Vísir“.

51

29. apríl

STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Sjúkraskýlissjóð Flateyrar útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 29. apríl 1926. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Sjúkraskýlissjóð Flateyrar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sjúkraskýlissjóður Flateyrar.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður við slit „Vatnsveitufjelags Flateyringa“ af $\frac{5}{16}$ hlutum inneignar fjelagsins í sparissjóði, að upphæð kr. 468.16 — fjögur hundruð sextíu og átta $\frac{16}{100}$ krónur —. Það sem greiðast kann af $\frac{5}{16}$ hlutum útistandandi skulda fjelagsins, legst við sjóðinn. Stofnendur sjóðsins eru 5 fjelagar áðurnefnds fjelags, sem heita: Kjartan Rósenkransson, Hlíf Pálsdóttir, Jón P. Sveinsson, Guðný Halldórsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, að reist verði fyrir hann, að nokkru eða öllu leyti, sjúkraskýli á Flateyri.

4. gr.

51

Tilgangi sínum ætlar sjóðurinn að ná með því að leita frjálsra sam- 29. apríl
skota og á annan hátt afla sjóðnum tekna, eftir því sem stjórn hans þykir hentast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn, hjeraðslæknir, hreppstjóri Flateyrar-
hrepps, og einn maður, er hreppsnefnd Flateyrarhrepps kys til þriggja ára í
senn. Hjeraðslæknir er sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar. Stjórnin heldur
fundi eftir því sem henni þykir þörf á, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

6. gr.

Þegar stjórn sjóðsins list hann orðinn svo stór, að reist verði fyrir hann
sæmilegt sjúkraskýli, skal hún leita álits hreppsnefndar Flateyrarhrepps og
með samþykki meiri hluta hennar, skal stjórnin láta byggja skýlið. Sjóðinn má
á hvaða tíma sem er, taka til byggingar sjúkraskýlis á Flateyri, sje vissa
fengin fyrir því, að fje það, sem á vantar, fáist annarsstaðar frá.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta sem innstæðu í sparisjóði eða á annan tryggilegan
hátt, en þó þannig, að hann sje altaf handbært fje, ef til hans þarf að taka.
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og reikningurinn sendist árlega til hrepps-
nefndar Flateyrarhrepps, til endurskoðunar og staðfestingar.

8. gr.

Skipulagsskrá þessi er samin af undirrituðum, samkvæmt fyrirmælum
gefendanna og hreppsnefndar Flateyrarhrepps.

Óskað er eftir konunglegri staðfestingu á skipulagsskrá þessari.

Flateyri, 12. mars 1926.

Páll Sigurðsson. Kr. Ásgeirsson. Ó. G. Sigurðsson.

Við undirritaðir, Páll Sigurðsson settur hjeraðslæknir í Flateyrlæknis-
hjeraði og Ó. G. Sigurðsson hreppstjóri á Flateyri í Flateyrarhreppi, lýsum
því hjermeð yfir, að við munum takast á hendur störf þau, sem 5. gr. framan-
ritaðrar skipulagsskrár leggur okkur á herðar.

Þessu til staðfestu nöfn okkar.

Flateyri, 23. apríl 1926.

Páll Sigurðsson. Ó. G. Sigurðsson.